

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frístundabyggð í Laugarási, Biskupstungum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. nóvember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 51 ha svæði úr landi Iðu í Laugarási breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Ennfremur breytist landnotkun á hluta þess svæðis sem nú er frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 14. nóvember 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. nóvember 2006